

SAMTÖKIN 78

# Starfsskýrsla

---

2010 - 2011



Lagt fyrir aðalfund þann 11. mars 2011

## Samtökin 78

Samtökin 78, félag hinsegin fólks á Íslandi, eru hagsmuna- og baráttusamtök samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transgender fólks. Markmið félagsins er að lesbíur, hommar, tvíkynhneigðir og transgender fólk verði sýnilegt og viðurkennt og njóti fyllstu réttinda í íslensku samfélagi. Samtökin 78 reka menningar- og þjónustumiðstöð við Laugaveg 3 í Reykjavík, 4.hæð, sem er öllum opin. Félagið rekur einnig bókasafn á sama stað og er það opið á skrifstofutíma og á fimmtudagskvöldum kl. 17.00 – 22.00. Skrifstofa S78 er opin alla virka daga frá kl. 13.00 – 17.00

Samtökin 78

Laugavegi 3, 4. hæð

Sími 552 78 78

[www.samtokin78.is](http://www.samtokin78.is)

[skrifstofa@samtokin78.is](mailto:skrifstofa@samtokin78.is)



# Efnisyfirlit

**Rekstur 4**

**Fræðsla 6**

**Ráðgjöf 7**

**Menningar- og félagsmiðstöð 8**

**Útgáfa og fjölmiðlun 9**

**Viðburðir 10**

**Mannréttindi 13**

**Starfshópar 14**

**Hagsmunafélög 15**

**Fylgigögn:**

**Ársreikningur 2010**

**Fjárhagsáætlun 2011**

## REKSTUR

Aðalfundur S78 var haldinn 20. Mars í Regnbogasalnum. Á fundinn mættu 55 félagar. Eftirfarandi félagar voru kjörnir til stjórnar:

Svanfríður A. Lárusdóttir, formaður  
Ragnar Ólason, varaformaður  
Anna K. Kristjánsdóttir, gjaldkeri  
Guðmundur Helgason, ritari  
Hafsteinn Þór Guðjónsson, meðstjórnandi  
Haraldur Jóhannsson, meðstjórnandi  
Þórunn Daðadóttir, meðstjórnandi

Til Trúnaðarráðs voru kjörin: Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir, Fríða Agnarsdóttir, Guðmundur Arnarson, Guðrún Rögnvaldardóttir, Íris Ellenberger, Margrét Grétarsdóttir, Sesselía María Morthensen, Steinunn Þórsdóttir, Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsón, Þóroddur Þórarinnsson. Skoðurnarmenn reikninga voru kjörnir: Svavar G. Jónsson og Sigurjón Guðmundsson.

Stjórnin fundaði formlega 11 sinnum á starfsárinu. Þar fyrir utan voru haldnir vinnufundir með hluta stjórnar hverju sinni. Tveir trúnaðarráðs fundir voru haldnir samkvæmt lögum félagsins og þar fyrir utan var einn óformlegur upplýsingafundur með trúnaðarráði. Í félagsmiðstöð Samtakanna þar sem starfsemi félagsins var rædd og farið var yfir verkefni framundan.

## Fjármál

Rekstrartekjur félagsins á árinu námu 10.168.936 en voru 16.424.586 árið 2009. Rekstrargjöld voru 13.157.933 en voru 14.791.717 árið 2009. Fasteignamat eignarinnar var um áramót 22.660.000 kr. Brunabótamat er 42.650.000. Áhvílandi húsnæðisskuldir (langtímaskuldir) um áramót voru 12.201.347. Skammtímaskuldir eru 1.596.893 en voru 1.003.943 árið 2009. Eignir ársins 2010 eru 20.589.560 en voru árið 2009 kr. 26.466.644.

Við bankahrun í október 2008 var ljóst að framlög ríkisins myndu dragast saman og erfiðara yrði að afla styrkja hjá sveitarfélögum og fyrirtækjum. Framlag ríkisins til félagsins 2008 var 8.000.000. Fór niður í 6.500.000 árið 2009 og þaðan í 5.200 fyrir árið 2010. Þessi samdráttur hefur verið stór biti fyrir lítið félag og komið niður á starfinu. Við höfum nú fengið staðfestingu á því að ríkið mun ekki skera niður framlag til okkar árið 2011.

Hvað varðar samninga við Reykjavíkurborg þá höfum við ekki fengið staðfest framlag okkar fyrir 2011 en vonir standa auðvitað til að samningur okkar verði endurnýjaður án niðurskurðar. Breytt rekstrarumhverfi og tekjufall kallar á breytt fyrirkomulag rekstri og þá einna helst í starfsmannahaldi félagsins. Mikil vinna og tími hefur farið í að skoða rekstur félagsins með það fyrir augum að gera raunhæfar breytingar og draga úr öllum rekstrarkostnaði með tilliti til að það bitni sem minnst á félögunum og samfélaginu.

## Starfsmannahald

Þann 1. maí 2010 baðst Lárus Ari Knútsson lausnar frá starfi framkvæmdastjóra. Á sama tíma var Guðrún Óskarsdóttir ráðin í 15% hlutfall til að hafa umsjón með bókhaldi félagsins. Þórunn Daðadóttir tók við stöðu framkvæmdastjóra tímabundið meðan starfsemin yrði endurskipulögð. Laun voru lækkuð og þau hlunnindi sem fylgt höfðu voru afnumin. Í september byrjun varð Þórunn frá að hverfa og þá tók við starfinu Haukur Árni Hjartarson sem áður hafði haft umsjón með jafningjafræðslu. Í nóvember var ráðin ungmennafulltrúi með umsjón jafningja-fræðslu, Katrín Dögg Valsdóttir í 30% hlutfall. Í desember var staða frmkvæmdarstjóra auglýst 50% starfshlutfall. Alls sóttu sex um stöðuna og þann 1. febrúar hóf Árni Grétar Jóhannsson störf. Verkefni sem framkvæmdastjóri sinnir lúta að daglegum rekstri þjónustu- og félagsmiðstöðvar og þjónustu við félagsmenn, fræðslumál í samráði við ungmennafulltrúa og ráðgjafa,

fjármálastjórn, innheimta, fjáröflun sem og almennt markaðs- og kynningarstarf. Framkvæmdastjóri situr einnig stjórnarfundum og er tengiliður félagsins við starfshópa sem starfa á vettvangi S78.

Starfshlutfall er þannig í dag: Framkvæmdastjóri 50%, bókhald 15%, fræðslufulltrúi 30%. Þann 1. febrúar tók Fríða Agnarsdóttir að sér að sjá um rekstur Regnbogasals og ræstingar. Tveir félagsráðgjafar okkar hurfu til annarra starfa á árinu. Guðbjörg Ottósdóttir, fór erlendis í doktorsnám og Anni G. Haugen dró sig í hlé eftir að hafa starfað við ráðgjöfina frá upphafi. Stjórn Samtakanna þakkar þeim ómetanlegt framlag til félagsins. Sigríður Birna Valsdóttir hefur frá haustdögum borið hita og þunga af ráðgjöfinni en nú bætist henni bráðlega liðsauki því Elísabet Þorgilsdóttir mun taka ráðgjafaviðtöl fyrir Samtökin 78.

Í Regnbogasal störfuðu Svavar G. Jónsson, Fríða Agnarsdóttir og Baldvin Baldvinsson. fram á sumar 2010 en salurinn var lokaður megnið af sumri vegna breytinga. Jón Sævar Baldvinsson, bókasafnsfræðingur, Ragna Sólveig Guðmundsdóttir og Þorvaldur Kristinsson höfðu umsjón með bókasafni ásamt sjálfbóðaliðum og svo mætti áfram telja. Fjölmarginu unnu við breytingar á salnum og útgáfu fréttablaðs o.s.v.fr. nöfn þeirra verða talin á viðeigandi stöðum í skýrslunni. Starf sjálfbóðaliða er félaginu ómetanlegt. Stjórn félagsins kann öllum þeim sem starfað hafa í þágu félagsis á starfsárinu miklar þakkir fyrir.

## Framkvæmdir

Lengi hefur staðið til að ráðast í endurbætur á Regnbogasal og á vordögum 2010 var ákveðið að hefja þær framkvæmdir þrátt fyrir bágan fjárhag. Reynt að halda efniskostnaði í lámarki með því að endurnýta allt eins og hægt var. Regnbogasalurinn er nú opnari og bjartari en áður, Búið að minka umfang bars, taka upphækkun af gólfinu, lakka glugga, mála og flota gólfið. Mikil tiltekt hefur fylgt þessari vinnu. Búið er að tæma stiga í neyðarútgangi og fara ótal ferðir í sameiginlegt geymsluhúsnæði sem við leigðum með Hinsegin dögum. Skrifstofa framkvæmdastjóra var flutt aftur í litla herbergið og nú er verið að standsetja langa herbergið fyrir fræðslufulltrúa og starfsmann Styrmis v/alþjóðlegs sundmóts sem haldið verður hér á Íslandi 2012. Staðsta herbergið er nú aftur nýtt sem fundarherbergi og höfum við fengið gefins fundarhúsgögn í það. Einnig er verið að taka til hendinni í herberginu bak við bókasafnið. Þangað inn mun ráðgjöfin flytjast og er þetta mjög brýnt verkefni þar sem séraðgengi er að þessu herbergi frá stigagangi. Starfsmenn bókasafns munu samnýta skrifstofuna með ráðgjöfum að einhverju leiti. Vinnu við salinn er ekki lokið og eins og sést er margt viðvikið eftir.


Öll vinna í félagsmiðstöðinni hefur verið unnin í sjálfbóðaliðavinnu af félögum og velunnurum. Það er ótrúlegur fjöldi fólks sem hefur lagt hönd á plóg og má segja að þessi aðferð hafi hleypt nýju blóði í grasrótna. Það er óhætt að segja án þess að halla á aðra að Guðmundur Helgason og Haukur Árni Hjartarson hafi borið hitann og þungann af smíðavinnu, Auk þeirra þakkar stjórn eftirtöldum félögum þeirra framlag: Ragnar Ólason, Haraldur Jóhannsson, Þórunn daðadóttir, Fríða Agnarsdóttir, Beggi og Pacas, Atli Þór Fanndal, Sigurður Júlíus Guðmundsson, Sigrún Björg Þorgeirsdóttir, Birna Gunnarsdóttir, Sigurbjörg Einarssdóttir, Ásta Kristín Benediktsdóttir, Katrín Dögg Valsdóttir, Grímur Ólafsson, Guðrún Elín Gunnarsdóttir, Eva Ágústa og allir aðrir sem komu að verkefnum í félagsmiðstöðinni eiga svo sannarlega þakkar skildar fyrir sitt framlag.

## Félagatal


Félagar sem greiddu félagsgjöld á árinu voru 375 og er það fækkun frá fyrra ári en árið 2009 greiddu 441 félagsgjöld. Árið 2008 greiddu 558 félagsgjöld og árið 2007 greiddu 487 félagsgjöld. Fjöldi félaga á skrá hleypur á bilinu 750 – 850 á milli ára og er því miklu fleiri en þeir sem greiða félagsgjöld. Þetta vekur upp spurningar um innheimtuhlutfall sem er alltof lágt.

Engar breytingar voru gerðar á félagsgjöldum en þeim var síðast breytt árið 2007. Almennt félagsgjald var 4.000 kr., 2.000 krónur fyrir lífeyrisþega og fólk 24 ára og yngri, 1.000 krónur fyrir félagar í ungmennahópi (19 ára og yngri) og 7.000 krónur fyrir þör í staðfestri samvist, hjónabandi eða skráðri sambúð.

Fjöldi skráðra félaga eftir aldurshópum



Búseta skráðra félaga



## FRÆÐSLA

Fræðsla á vegum félagsins skiptist í grófum dráttum í jafningjafræðslu í grunn- og framhaldsskólum annars vegar og hinsvegar fræðslu til fagfólks, einkum starfsfólk skóla svo sem til kennara, námsráðgjafa, skólasálfræðinga og skólahjúkrunafræðinga. Einnig hafa hópar nemenda frá Háskóla Íslands komið í heimsókn í Samtökin '78 og fengið kynningu á starfi félagsins og sögu hinsegin fólks á Íslandi. Á starfsárinu (apríl 2010 til mars 2011) voru haldinir 32 fræðslufundir í grunnskólum og 16 í menntaskólum og er það töluvert fleiri fundir í menntaskólum en árið áður og undanfarin ár. Þá voru 5 fundir haldnir fyrir fagfólk grunnskóla. Samtals gerir þetta 53 fundi á starfsárinu.

### Jafningjafræðsla

Eins og undanfarin ár hafa Samtökin 78 boðið upp á jafningjafræðslu fyrir nemendur á flestum skólastigum en flestir fundanna eru í efri bekkjum grunnskóla og í framhaldsskólum. Frá síðasta aðalfundi til nóvember (2010) sá Haukur Árni Hjartarsson um jafningjafræðsluna og var jafnframt Fræðslustjóri og Framkvæmdastjóri um tíma. Í nóvember (2010) var svo ráðinn Ungmennafulltrúi sem hefur séð um jafningjafræðslustarfið og einnig verið innan handar fyrir Ungliðahópinn á þeirra fundum. Það var Katrín Dögg Valsdóttir sem var ráðin sem Ungmennafulltrúi S78. Félagar úr Ungmennahópi hafa svo alltaf verið innan handar til að fara með jafningjafræðslur í skóla ásamt Ungmennafulltrúa. Hugmyndin að baki jafningjafræðslunni er að nemendur fræðist af jafnöldrum sínum um hvernig það er að vera sam-, tvíkyndhneigð eða transgender manneskja, hvað sé frábrugðið og hvað sé líkt með þeim og öðrum nemendum á svipuðu reki. Á fundunum er margvísleg þjónusta félagsins kynnt svo og saga réttindabaráttu samkyndhneigðra og lagaleg staða þeirra í dag. Mest áhersla er þó lögð á hinn persónulega þátt frásagnarinnar þar sem jafningjar fræða jafningja um reynslu sína. Jafningjahópurinn er skipaður krökkum á aldrinum 16 – 24 ára sem fara í heimsóknir í efstu bekkjum grunnskóla, einkum 8. bekk til og með 10. bekk og í framhaldsskóla. Á undanförunum árum hafa óskir um fundi af þessu tagi aukist jafnt og þétt og hefur þeim óskum verið svarað eftir bestu getu hverju sinni. Í mörgum skólum er það fastur liður að fá heimsóknir frá jafningjum S78.

### Fræðsla til fagfólks

Óskir frá starfsfólki skóla um fræðslufundi hafa aukist undanfarin ár og hafa Samtökin '78 reynt að bregðast við þeim óskum eftir bestu getu. Meðal starfstétta sem fræðsla félagsins hefur einkum beinst að eru kennarar, hjúkrunafræðingar, félagsráðgjafar, námsráðgjafar, sálfræðingar og skólahjúkrunafræðingar. Lifandi umræða og fræðsla er ein af forsendum betra skólastarfs og bættri líðan nemenda. Samtökin '78 hafa átt farsælt samstarf við FAS og Menntasvið Reykjavíkur frá árinu 2006 en því verkefni er nú lokið. Þá hefur félagið leitast við að gera þjónustusamninga við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og næsta nágrenni með það að markmiði að koma á samtali milli Samtakanna '78 við sveitarfélögin og opna dyrnar fyrir aukinni fræðslu á vettvangi þeirra og kynna þjónustu félagsins. Á þessu ári hefur fagfræðsla verið í höndum Hauks Árna Hjartarsonar og Sigríðar Birnu Valsdóttur, ráðgjafa. Nokkuð hefur verið um fræðslu til kennara og einnig fór Sigríður tvisvar á BUGL annars vegar með fræðslu og hins vegar vegna meðferðarmála v/Trans. Fagfræðslan verður áfram í höndum ráðgjafa og fagfólks innan okkar raða og hugmyndin era ð mynda 4 – 5 manna teymi um fagfræðsluna, Við eigum, fólk í kennarastétt, heilbrigðisstétt og s.fr. og fer auðvitað best á því að fræðsla til fagfólks sé á jafningja grunni byggð.

### Sveitarfélög

Til Samtakanna '78 leitar fólk úr öllum landsfjórðungum eftir fræðslu, ráðgjöf og annarri þjónustu. Félagið hefur lagt sig eftir því að ná eyrum sveitarfélaga og kynna þá starfsemi sem fer fram á vettvangi félagsins og þá þjónustu sem er í boði. Nokkur sveitarfélög hafa gert þjónustusamning við Samtökin '78 en markmiðið með slíkum samningum er að efla fræðslu sem beinst að starfsfólki sveitarfélaganna svo sem í skólum og innan stjórnarsýslunnar, kynna ráðgjöf og sinna jafningjafræðslu. Samtökin '78 hafa komið á samstarfi við sex en það eru Hafnarfjarðarbær, Akraneskaupstaður, Árborg, Reykjanesbær, Seltjarnarnes auk Reykjavíkur.

## Fræðsla til lögreglu og dómstóla.

Samtökin '78 fengu styrk frá dómsmálaráðuneytinu til fræðsluverkefnis fyrir starfsfólk lögreglu og dómstóla. Verkefninu er ætlað að mæta brýnni þörf á fræðslu til þessara stétta en henni er mjög svo ábótavant. Fræðslubæklingur hefur verið þýddur úr sænsku. Bæklingurinn hefur verið notaður í Svíþjóð til fræðslu meðal lögreglumanna og annarra sem fást við afbrot sem beinast að samkynhneigðum, tvíkynhneigðum og transfólki. Áætlað er að dreifa bæklingnum til allra lögreglumanna og starfsfólks saksóknara og dómstóla á Íslandi. Verkefnið er enn í vinnslu.

## Heilsuefling og forvarnir í framhaldsskólum

HoFF er nýr samningur (Heilsuefling og forvarnir í framhaldsskólum) sem að standa: mennta- og menningarmálaráðuneytið, velferðarráðuneytið, Lýðheilsustöð, Félag íslenskra framhaldsskóla, Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) og Ráðgjafanefnd um æskulýðsrannsóknir. Í þessum samningi er kveðið á um að fjórir faghópar skuli starfa í tengslum við verkefnið. Einn af þessum hópum er faghópur um kynheilbrigði og í HoFF samningnum er kveðið á um að í honum skuli fulltrúar eftirtalinnna aðila eiga sæti: fulltrúi úr kynjafræði HÍ, frá Jafnréttistofu, Stígamótum, Rannsóknastofu um jafnrétti, kyngervi og menntun, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Kynfræðifélagi Íslands (Kynís), Félagi læknanema (Ástráði), Blátt áfram, Samtökunum 78 og Neyðarmóttöku vegna nauðgana. Þetta verkefni er að fara í gang í mars og mun ný stjórn skipa fulltrúa S78 á næstu dögum.

## RÁÐGJÖF

Markmið ráðgjafar hjá Samtökunum 78 er að gefa fólki kost á viðtölum til að ræða sína stöðu, bæði út frá tilfinningalegum þáttum og einnig út frá ýmsu því sem snýr að réttindamálum. Boðið er upp á 1 – 5 viðtöl en ef talin er þörf á frekari meðferð er einnig bent á aðra sérfræðinga utan Samtakanna. Hægt er að panta viðtal á skrifstofu Samtakanna og nú er einnig hægt að hringja beint í ráðgjafa í síma 777-4278. Ekki er greitt sérstaklega fyrir viðtölin en Samtökin fá styrk frá Reykjavíkurborg og fleiri sveitarfélögum til að mæta kostnaði við ráðgjöf og fræðslu.

Guðbjörg Ottósdóttir og Anni G. Haugen félagsráðgjafar hafa sinnt ráðgjöfinni í nokkur ár en haustið 2010 hættu þær störfum alla vega tímabundið. Sigríður Birna Valsdóttir leiklistarmeðferðarfræðingur hefur sinnt ráðgjöfinni ein síðustu mánuði en hún kom til starfa í upphafi árs 2009. Hún tekur einnig að sér að sinna fjölskylduviðtölum sé þess óskað.

Eftirspurn eftir viðtölum er jafnan nokkuð sveiflukennd en árið 2010 hefur sýnt að þörfin er mikil og viðtölum fjölgaði þó nokkuð. Flestir sem leita ráðgjafar eru á aldrinum 20 – 50 ára og líttill munur er á fjölda karla og kvenna. Helsta breytingin er sú að yngri fólki hefur fjölgað mikið og börn og unglingar sækja meira í ráðgjöfina, ýmist ein eða í fylgd með foreldrum sínum.

Ástæður þess að koma í viðtal virðast líka hafa breyst aðeins. Mun fleiri leita nú til Samtakanna vegna transmálefna þá aðallega yngri transfólk og foreldrar þeirra. Einnig hafa foreldrar mjög ungra barna leitað ráðgjafar vegna kynáttunarvanda barna sinna. Þessi fjölgun ýtir undir þá kröfu að Samtökin '78 geri þennan málaflokk sýnilegri t.d. á vefsíðu sinni og á bókasafni. Ráðgjafi hefur oft rekið sig á það að það er lítið til af nýjum bókum og heimildamyndum í þessum málaflokki og því þyrfti að breyta til þess að koma til móts við þarfir þessa hóps. Eins hefur það aukist að hinsegin fólk leitar ráðgjafar vegna tilfinningalegra erfiðleika sem ekki endlega tengjast kynhneigð þeirra beint.

Helstu ástæður komu til ráðgjafa eru þó enn vangaveltur í kringum það ferli að „koma út úr skápnunum“. Einnig var eitthvað um að aðstandendur leituðu til ráðgjafa, svo sem mæður, feður og systkini. Spurningarnar sem tengjast því að „koma út“ eru margvíslegar. Þær tengjast eigin sjálfsmynd, því hvernig og hverjum eigi að segja frá og spurningum um hvernig líf samkynhneigðra er. Hjá þeim konum og körlum sem eiga börn vaknar nær alltaf spurningin um hvort kynhneigðin eða breytt lífsmynstur muni hafa áhrif á börnin, hvernig og hvenær eigi að segja þeim frá, hvort rétt sé að ræða um þessi mál við kennara og aðra sem sinna börnunum o.s.frv. Margir veltu einnig fyrir sér hvar hægt er að hitta aðra samkynhneigða til að kynnast betur

Þessum „nýja“ heimi. Óöryggi varðandi kynhlutverk tengist oft en ekki eigin fordómum og því hvernig hægt sé að taka á þeim.

Margir vilja ræða um ólíkar hliðar málefna er tengjast börnum, bæði samskipti við börn maka, samskipti við skóla og félagslegt umhverfi barnanna og komu nýs maka inn á heimili barns. Þá vakna oft spurningar sem tengjast tæknifrjóvgun, ættleiðingu stjúpbarna, réttindamálum kjörforeldra, barnanna sjálfra og foreldra sem ekki fara með forsjá barna sinna og barneignum homma.

Þeir foreldrar sem koma til að ræða um málefni samkynhneigðra barna sinna eru oft en ekki að velta fyrir sér á hvernig þeir geti best stutt börnin sín, um leið og þeir vilja kynnst frekar málefnum samkynhneigðra og fá skýrari mynd af því hvað bíður barnsins þeirra.

Fyrir marga er viðtal hjá ráðgjafa fyrsta heimsókn þeirra í húsnæði Samtakanna. Viðkomandi er þá boðið að skoða húsnæðið betur eftir viðtalið og bent á að í bókasafninu er hægt að finna mikið efni um samkynhneigð. Greinilegt er að netið skiptir flesta þá er koma miklu máli, bæði til að leita sér upplýsinga og einnig til að komast í samband við aðra samkynhneigða.


Framtíðarsýn ráðgjafans er að á árinu 2010 verði haldið áfram að gera ráðgjöfina sýnilegri og að nýir ráðgjafar taki til starfa þannig að hægt verði að bjóða upp á fjölbreyttari og meiri þjónustu. Eins hafa húsnæðismál verið ráðgjöfunum erfið og það er nauðsynlegt að koma þeim málum í lag eins hratt og hægt er. Eins er það von ráðgjafans að hópastarf sem átti að hefjast á síðasta ári verði að veruleika.

## MENNINGAR OG FÉLAGSMIÐSTÖÐ

### Opin hús í félagsmiðstöð

Opið hús í félagsmiðstöð var hvert mánudags- og fimmtudagskvöld auk fastra funda starfshópa svo sem ungliðahóps, FAS, Q-félag hinsegin stúdenta, Trans-Ísland fram á vordaga en þá var félagsmiðstöðinni lokað vegna endurbóta. Síðla hausts var opnað aftur og þá ákveðið í samráði við bókasafnsfólk að breyta opnunartíma. Nú er opið á fimmtudögum frá kl. 17.00 – 23.00 en mánudagskvöldin nýtt fyrir auglýsta viðburði hagsmunafélaga eða hópa. Aðsókn að auglýstum viðburðum í félagsmiðstöð svo sem listsýningar, á fræðslufyrirlestra og hljótleika hefur yfirleitt verið góð. Nýting á húsnæði er þó alltaf jöfn árið um kring, meðal annars vegna hópastarfs, funda og annarrar þjónustu. Í dag eru Styrmissfólk reglulega með afnot af miðstöðinni, Q á föstudagskvöldum og ungliðarnir á sunnudögum. KMK hefu einnig verið með nokkra vel heppnaða viðburði í Regnbogasalnum. Fyrir áramót byrjuðu Heldri hinsegin borgara kvöld. Þau eru haldin fyrsta mánudagskvöld í mánuði og hefur Haraldur Jóhannsson staðið fyrir þeim. Vonandi verður frekari aukning á nýtingu með nýju fyrirkomulagi og einnig mun þá skipulagning viðburða flytjast á fleiri hendur.

Heimsóknir í félagsmiðstöð mánudaga og fimmtudaga



### Bókasafn

Vegna framkvæmda í félagsmiðstöð á árinu var bókasafn félagsins lokað í þrjú mánuði og raskaðist starfsemi þess því nokkuð. Safnið var opið á mánudögum og fimmtudögum kl. 20–23, en á áramótum breyttist opnunartími og nú er opið á fimmtudögum kl. 17–22 og mælist sú nýjung vel fyrir meðal gesta. Einnig sinnti framkvæmdastjóri þeim gestum sem óskuðu lesstofuþjónustu síðdegis alla virka daga. Þá er safnið opið á sunnudagskvöldum til útlána fyrir ungt fólk sem hittist í félagsmiðstöðinni. Safnið bauð því upp á þjónustu við gesti í u.þ.b. 30 tíma á viku árið 2010. Safnkosturinn er skráður á gagnagrunninn Gegni og aðgengilegur á Netinu. Alls tóku sjö félagar vaktir í sjálfböðavinnu, en alla skráningu og samskipti við Landskerfi bókasafna



annaðist Jón Sævar Baldvinsson bókasafnsfræðingur. Vinnuframlag sjálfboðaliða í safnavinnu á liðnu ári nam alls rúmum 2 verkmanuðum ef frá er talin þjónusta við gesti síðdegis virka daga.

Heildareign safnsins var á áramótum 47'78 gögn. Eignir bókasafnsins umfram afskriftir jukust um 60 gögn (92 árið 2009; 248 árið 2008); bóka- og tímaritakostur jókst um 47 titla (68 árið 2009; 188 árið 2008), en mynddiskum fjölgaði um 13 titla (24 árið 2009, 60 árið 2008). Sjö tímarit berast safninu ókeypis en eitt í innkaupum. Nemendur sækja sem fyrr aðstoð til safnsins við ritgerðaskrif, en flestum framhaldsskólánemendum er vísað á greinasafn á vefsíðu félagsins. Háskólastúdentar og fræðafólk nýta hins vegar safnið í tengslum við nám í hinsegin fræðum, hjúkrunarfræði, lögfræði, félagsráðgjöf, kennslufræði og fleiri greinum í háskólum landsins, og er sú þjónusta mikil og stöðug á vetrum.

Heildarútlán safnsins námu 384 titlum (720 árið 2009, 1026 árið 2008) og nemur samdráttur útlána 47% frá fyrra ári (30% samdráttur 2009, 9,3% samdráttur 2008). Bækur voru 47% af útlánunum og kvikmyndaefni 53% (35% og 65% árið 2009). Á tímabilinu 1999–2005 var útlánaaukning um 3–7% milli ára, næstu þrjú ár var samdráttur um 5–10% milli ára, uns safnið mætti 30% samdrætti árið 2009.

Um árabíl var samdráttur í takt við það sem birtist á íslenskum almenningubókasöfnum allt frá árinu 2003 og talið er tengjast því að almenningubókasöfn eiga erfiðara uppdráttar þegar þensla er í hagkerfi og kaupgeta mikil. Einnig hafa möguleikar fólks á að sækja myndefni á Netið og erlendar sjónvarpsstöðvar haft áhrif á sókn í þjónustu félagsins. Samdráttur útlána síðustu tvö ár verður þó varla skýrður með öðru en litlum innkaupum, sem helgast af tvöföldun á verði erlends efnis, litlu ráðstöfunarfé úr sjóðum félagsins og litlum umsvifum á opnunarkvöldum í félagsmiðstöð, en samhengi hefur löngum verið á milli útlána og þessara tveggja þátta. Eigi safnið að ná betri árangri þarf umfram allt að huga að stórauknum innkaupum á næstu misserum og leita styrktaraðila. Til að meta árangur starfseminnar er jafnframt mikilvægt að hafa til hliðsjónar þau viðmið að það telst góður árangur í rekstri bókasafna með sérhæft efni ef árleg útlán nema um 20–25% af heildarsafnkosti. Árið 2009 var þetta hlutfall um 16% í safni Samtakanna '78 og árið 2010 8%.

Á síðustu árum hefur markvisst verið reynt er að gæta jafnvægis í kaupum á myndefni fyrir konur og karla þó að úrvalið á markaði sé margfalt meira af efni sem talið er höfða til karla. Hlutfall kvikmynda í safnkostinum er sem fyrr um 60% karlar og 40% konur hvað skráða tilhöfðun varðar í leitarorðum. Þá er árlega unnið að því að þetta ákveðna efnisflokka hvað fræðirit varðar.

## ÚTGÁFA OG FJÖLMÍÐLUN

Heimasíða Samtakanna er áfram [www.samtokin78.is](http://www.samtokin78.is). Ljóst er að það þarf að uppfæra ýmsa hluta hennar betur en gert hefur verið. Sú ósk hefur komið fram að fundargerðir stjórnar verði settar inn á vefinn og er verið að skoða hvort hægt sé að verða við því. Facebook-síðu S'78 var breytt úr grúppu í síðu („page“), en margs konar ávinningur er af því.

Á opnum trúnaðarráðsfundi Samtakanna '78 þann 5. júní 2010 lýstu nokkrir einstaklingar yfir áhuga á að starfa að útgáfu fréttabréfs fyrir Samtökin. Fréttabréfið hlaut nafnið Hýraugað og fyrsta tölublaðið kom út í byrjun október sl. Fólkið sem bauð fram krafta sína voru þau Atli Þór Fanndal, sem á heiðurinn að útliti blaðsins og uppsetningu, Ásta Kristín Benediktsdóttir, sem hefur haft umsjón með prófarkalestri, og Sigurður



Júlíus Guðmundsson hugmyndasmiður og blaðamaður þar excellence. Guðmundur Helgason ritari S'78 tók að sér að leiða hópinn og var ritstjóri fyrstu fjögurra tölublaðanna en hætti formlegum afskiptum af Hýrauganu þegar ljóst var að hann tæki við formannsembætti Samtakanna. Eva Ágústa Aradóttir kom fljótlega inn í hópinn sem

ljósmyndari/myndritstjóri blaðsins og varð fimmti meðlimurinn í ritstjórn blaðsins. Auk fimmninganna hafa fleiri aðilar skrifað greinar í Hýraugað og eru allir áhugasamir þessar hvattir til að setja sig í samband við ritstjórn. Auk þess að segja fréttir af hinsegin-málefnum líðandi stundar hafa tölublaðin haft mismunandi aðalþema sem blaðamenn hafa þá reynt að kynna sér í þaula. Fyrsta tölublaðið fjallaði um málefni hinsegin fólks almennt en annað tölublað hafði jafnrétti og fordóma sem aðalþema. Þriðja tölublað Hýraugans kom út á alnæmisdaginn 1. desember og var því helgað HIV og kynheilbrigði hinsegin fólks. Í fjórða tölublaði var þemað

„50+ – að eldast án feluleiks“ og fimmta tölublað, sem kom út nú rétt fyrir aðalfund, fjallar um Samtökin '78, hagsmunafélögin og framtíðina.

Hýraugað hefur frá upphafi fyrst og fremst verið netmiðill með öflugri Facebook-síðu en þangað inn hefur ritnefnd safnað hinsegin fréttum, jafnt frá Íslandi sem erlendis frá. Blaðið sjálft hefur verið gefið út bæði sem PDF-skjal og á netinu, auk þess að prentuð hafa verið út nokkur eintök til heimabruks. Draumurinn er að fá fjármagn, bæði til þess að starta eigin heimasíðu ([www.hyraugad.is](http://www.hyraugad.is)) sem og til að láta prenta ákveðið upplag og dreifa í félagsmiðstöð Samtakanna '78 og á stöðum sem hinsegin fólk sækir. Á bak við hvert tölublað liggur gríðarleg vinna sem hefur öll verið unnin í sjálfböðavinnu og stjórn Samtakanna er afskaplega þakklát fyrir.

## VIÐBURÐIR

### Fundir trúnaðarráðs

Í apríl var trúnaðarráð boðað á oformlegan fund í Regnbogasal til skrafs og ráðagerða. Þar kom fram hugmynd um fróðlegan fund í júní og að gaman væri að fá útskriftarfólk úr HÍ til að kynna verkefni sín.

Þann 5 júní var haldinn opin trúnaðarráðsfundur að Skólalátrú. Þangað voru hagsmunafélög boðuð ásamt trúnaðarráði og tókst fundurinn í alla staði vel. Hreyfing var á fundagestum allan daginn en þegar mest var í húsinu vor gestir 46. Á fundinum voru fengnir fyrirlesarar. Fyrst kynntu tvær ungar konur lokaverkefni sín á félagsvísindasviði HÍ. Annars vegar Linda Fanney Valgarðsdóttir, Lagadeild og heiti verkefnis var Réttarstaða samkynhneigðra: Skref fyrir skref. Því næst kynnti Gunnhildur Steinarsdóttir, félags- og mannvísindadeild sitt verkefni sem bar yfirskriftina Frá kynvillu til kynhneigðar; hvað einkennir orðræðuna nú þegar baráttan um orðin er unnin? Jóhanna K. Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Amnesty á Íslandi talað undir yfirskriftinni “skortur á réttlæti” og kynnti m.a. stöðu mannréttindabaráttu samkynhneigðra í ýmsum Afrikulöndum.

Haustfundur var auglýstur í Munaðarnesi í Borgarfirði en þar náðist ekki þátttaka og var fundurinn fluttur í Samtakahúsið og fóru þar fram líflegar umræður um stöðu félagsins þrátt fyrir slaka mætingu trúnaðarráðsmanna.

### Ungliðarnir

Starf Ungliðahópsins er fjölbreytt og metnaðarfullt að vanda. Allt sem fram fer á vettvangi hópsins er áfengis og vímuefnalaust. Hópurinn samanstendur af samkynhneigðum, tvíkynhneigðum og transgender ungmennum sem flest eru á aldrinum 14-20 ára. Meðal þess sem hópurinn stóð fyrir á starfsárinu er Gender bender kvöld, sleepover, Halloween fundur, Jólafundur, nýársfundur, kaffihúsakvöld, tóku þátt í að skipuleggja 2 Trans-Ungmeannakvöld og fóru til akureyrar eitthvað sé nefnt. Hópurinn fær til sín á hverju ári fyrirlesara og meðal þeirra sem komu í heimsókn voru fyrirlesarar frá HIV-Ísland, AFS, Rauðakrossinum og fleirum. Hópurinn fór í Keiluhöllina og skemmtu sér konunglega í keilu. Aukið var gífurlega samstarf við aðra samstarfshópa Samtakana 78 og tengsl mynduð.

Ungliðarnir hafa farið í sumarþúðir og síðasta sumar voru sumarþúðirnar haldnar í Þýskalandi og fóru nokkrir krakkar frá Íslandi í þær sumarþúðir. Núna stendur yfir undirbúningur fyrir næstu ferð, þessar ferðir eru mjög mikilvægar fyrir ungt fólk samtakanna 78. Ungu fólkið fær sterkari sjálfsmynd, vitundarvakning þeirra verður sterkari og baráttukenndin fyrir sínum rétti styrkist.

Hópurinn tók að sjálfsögðu þátt í Gay Pride, þemað var nýju giftingalögin og fór hópurinn skreyttur niður Laugavegin. Með frábærri samvinnu allra ungliðanna og tókst hópnum að hafa eitt „flottasta“ atriðið. Vill hópurinn nota tækifærið og þakka öllum sem veittu okkur aðstoð. Í vetur er stefnt á að gera ótrúlega margt. Í Ágúst var haldinn stofnfundur ungliðanna og hreyfingin loksins gerð að formlegu félagi, á þeim fundi var kosið að breyta aldurstakmarki ungliðanna, en því var aftur breytt á aðalfundi í febrúar Margt margt fleira mætti nefna en þetta er svona það helsta.

## Afmælishátíð 27. Júní



*Fríkirkjan og Listasafnið skreytt Regnbogans litum í tilefni dagsins.*

Þann 27. Júní boðuðu Samtökin 78 til hátíðar eins og undanfarin ár. Í þetta skipti var fagnað sérstaklega þar sem ein hjúskaparlög tóku gildi á Íslandi. Það þótt því við hæfi að boða til Regnbogamessu í Fríkirkju Reykjavíkur Sr. Hjörtur Magni Jóhannsson og Sr. Bryndís Valbjarnardóttir þjónuðu fyrir altari, Ragna Árnadóttir, dóms- og kirkjumálaráðherra flutt ávarp og sömuleiðis formaður sem veitti mannréttindaverðlaun S78 til hartnær 100 presta, djákna og guðfræðinga sem starfa á vettvangi þjóðkirkjunnar og kristinna fríkirkna á Íslandi hafa með stuðningi sínum stuðlað að fordómalausni samfélagi á vettvangi kirkjunnar og utan hennar. Sr. Sigríður Guðmarsdóttir, sóknarprestur í Grafarholtsprestakalli veitti viðurkenningunni viðtöku. Einnig hlutu viðurkenningu Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sem hefur frá upphafi stjórn málaferils hins verið talsmaður mannréttinda og jafnréttis og stutt við baráttu hinsegin fólks. Síðast en



*Svana og Páll Óskar skipulögðu hátíðina sem þótti takast vel í alla staði*

framlag. Sérstakar þakkir fær Páll Óskar Hjálmtýsson sem reyndist Samtökunum enn og aftur stoð og stytta í glæsilegu verkefni. Eftir Regnbogamessu var boðið til samkvæmis í Listasafni Íslands sem skipulagt var að Ásdísi Snorradóttir, veitingamanni af miklum sóma.



*Föngulegur hópur tónlistarfólks gerði hátíðina ógleymanlega með framlagi sínu.*

## Dansleikir

Haldnir voru tveir dansleikir á árinu og var í báðum tilfellum fengið lánað húsið að Skólalabru endurgjaldslaust. Ekki reyndist áhugi hjá félögum fyrir verkefnum því tæplega 100 mættu á jóladansleik og 50 á áramótadansleik. Ljóst era að þörfin fyrir Samtakaböll er etv. ekki lengur til staðar í bili amk. Einnig er erfitt að fá sjálfbóðaliða til að vinna á slíkum böllum og hagnaður óverulegur. Samtökin 78 hafa því ákveðið að hefja samtarf við eigendur Barböru og Trúnó.

## Jólabingó

Fimmtudaginn 2. desember fór fram árlegt Jólabingó S78 í annað sinn í Bingóh-llinni í Vinabæ. Stórglæsilegir vinningar voru í boði og að vanda fullt hús hinsegin fólks. 231 bingóspilarar mættu til leiks og skemmtu sér vel. Jólabingó Samtakanna '78 er mikilvæg fjárflokkun fyrir félagið og var ágjulegt að sjá hversu góð mætingin er á þennan viðburð. Bingóstjórn var eins og í fyrra í öruggum höndum Ragnhildar Sverrisdóttur og Sigurborg Daðadóttir. Jólabingóið gengur ekki upp án þeirra fjölmörgu fyrirtækja og einstakling sem leggja okkur til vinninga af miklum rausnarskap. S78 þakkar eftirtöldum fyrirtækjum stuðninginn: Saga Útgáfa - Opna Útgáfa - Trúnó - JPV Útgáfu- Hársnyrtistofan Dalbraut- Gull & Silfur - Laugarásvídeo - Pizzahornið - Spilavinir - Kramhúsið - Nova - G-star - Hótel Kea Akureyri - Hlíðarfjall - Jarðböðin við Mývatn - Center Hárgreiðslustofa - Augnakonfekt Laugarvegi - Mál & Menning - Herrafataverslun Kormáks & Skjaldar - Rauðhetta & Úlfurinn - Sokkabúðin - heklaisland.is - Veröld Útgáfu - Ullasetrið - Laugar Spa - Cintamani Kringlunni - Blær Hárgreiðslustofa - Borð fyrir 2 - Vestur Hárgreiðslustofa - Paradís snyrtistofa - Saffran - Sögur útgáfa - íslenski dansflokkurinn - Salka Útgáfa - Vitabar - Dogma Laugarvegi - Uppheimum Útgáfu - Anna María Design - Sparta Hárstofa- Babalú - Halldór Jónsson heildverslun - Adam og Eva - Borgarleikhúsið - Munaðarnes, Borgarfirði - Hreyfing - 12 Tónar - Dragkeppni Íslands - Núðluskálinn - Uppheimar Útgáfu - Happdrætti Háskóla Íslands - Hörpu Útgáfa - Jón & Óskar - Bjartur Útgáfa - Saga Film - Mótör Kringlunni - Te & Kaffi - Sigga Beinteins - Birtingur - Iða Lækjargötu - Vaka Helgafell Útgáfu - Ónix Hársnyrtistofa - Betra Líf - Beggi og Pacas - Tigi - Klipparinnm Laugum - Þjóðleikhúsið - Gandhi Restaurant - P&P við Skólalabru - Veitingahúsið við tjörnina - Bláa Lónið - Elding - Room With a View - Barbara - Vifilfell - TAL - Sögur Bókaútgáfa.

Það eru margir félagar sem koma að sófnun vinninga. Ungliðarnir aðstoðuðu við frágang og þökkun vinninga og við þökkum þeim öllum ómetanlega aðstoð. Síðast en ekki síst þökkum við Helgu Dagbjört Kristjánsdóttur en hún starfaði sleytulaust að undirbúningi sem sjálfbóðaliði í þrjár vikur.

## Jólatrésskemmtun

Að þessu sinni var Jólatrésskemmtun algjörlega í umsjón samkynheigðra foreldra sem hafa með réttu yfirtekið þetta verkefni en hljóta fjárstuðning frá Samtökunum 78. Ballið var að venju haldið í sal í Laugarneskirkju þann 18. desember.

## MANNRÉTTINDI

### Ein hjúskaparlög

Lögin um staðfesta samvist sem tóku gildi 1996 voru á sínum tíma stórt skref í þá átt að bæta réttarstöðu samkynheigðra en þau voru því miður ekki án takmarkana. Lögin sem tóku gildi árið 2006 eyddu hinsvegar að mestu lagalegri mismunun gagnvart samkynheigðum pröum í staðfestri samvist en eftir stóð m.a. réttur forstöðumanna trúfélaga til að staðfesta samvist. Lögin sem tóku gildi í júní 2008 veittu forstöðumönnum trúfélaga heimild til að staðfesta samvist en eftir stóð að hér á landi voru enn í gildi tveir lagabálkar varðandi hjúskap, annarsvegar lög um hjúskap karls og konu og svo löggjöfin um staðfesta samvist.

Nýtt stjórnarfrumvarp um breytingu á hjúskaparlögum var samþykkt á Alþingi á árinu 2010 og frá og með 27. Júní 2010 gilda ein hjúskaparlög í landinu fyrir alla, óháð kynheigð fólks. Þetta mikilvæga skref tryggði að hinsegin pör sitja loks við sama borð og gagnkynheigðir og geta hér eftir gengið í hjónaband.

## Mannréttindaskrifstofa Íslands

Samtökin 78 gerðust aðili að Mannréttindaskrifstofu Íslands árið 2001. Skrifstofan er óháð stofnun sem vinnur að framgangi mannréttinda með því að stuðla að rannsóknum og fræðslu og efla umræðu um mannréttindi á Íslandi. Skrifstofan gegnir einnig ákveðnu eftirlitshlutverki en hún veitir umsagnir um lagafrumvörp og skilar skýrslum til eftirlitsnefnda Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins. Fjórtán félög eiga aðild að skrifstofunni og er Guðmundur Smári Veigarsson fulltrúi í stjórn fyrir hönd Samtakanna 78 og Anna K. Kristjánsdóttir varafulltrúi.

## Progress áætlun Evrópusambandsins

Samtökin '78 tóku þátt í verkefninu „Evrópuár jafnra tækifæra 2007“ en Velferðaráðuneytið hafði umsjón með því. Í framhaldi af því verkefni tóku Samtökin 78 þátt í Progress verkefni sem er samevrópskt verkefni og er hluti af Progress áætlun Evrópusambandsins sem mun standa til ársins 2013. Progress verkefnið er samstarfsverkefni ýmissa félagasamtaka undir stjórn Mannréttindaskrifstofu en verkefnið gengur út á að athuga hugsanlega fordóma í garð ýmissa félagshópa t.d. samkynhneigðra, fatlaðra, innflytjenda, mismunandi trúarbragðra, kvenna og fleiri hópa. Samtökin sóttust ekki eftir styrk til verkefnis á þessu sviði á árinu 2010 en við höfum verið hvött til að framhalda lögreglu og dómstólaverkefninu í anda Progress áætlunnarinnar.

## ILGA - International Gay and Lesbian Association

Samtökin 78 eru eitt elsta aðildarfélag ILGA – International Gay and Lesbian Association sem eru regnhlífásamtök félaga samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transgender fólks um allan heim. ILGA hefur nú boðið Samtökunum að greiða fyrir þátttöku okkar fulltrúa í árlegri ráðstefnu og hefur Hilmar Magnússon verið skipaður í þetta verkefni þ.e. Fulltrúi og tengiliður S78 hjá ILGA. Hilmar vinnur nú að ítarlegri skýrslu um lagalega stöðu hinsegin fólks á Íslandi ásamt fleiri gögnum.

## Í farvegi í íslensku samfélagi

Réttarstaða og félagsleg staða transgender fólks á Íslandi er ennþá afar veik og óljós. Einhver teikn eru þó á lofti varðandi breytingar á lagalegri stöðu þessa hóps þó hægt gangi. Umræðan í samfélaginu er að aukast jafnóðum og trans fólk verður sýnilegra. Og eins og sjá má á tölum ráðgjafa samtakanna er mest aukning viðtala vegna trans málefna. Mikil eftirspurn er eftir efni og bókum frá nemendum háskólanna og annar bókasafnið okkar ekki eftirspurn enda lítið efni til og verðum við að bæta úr því.

Allt árið er stjórn S78 að svara fyrirspurnum fjölmiðla um málefni sem okkur tengjast og vinna að verkefnum sem eru etv. ekki sýnileg almennum félagsmönnum. Meðal slíkra verkefna er deilan við Vinnumálastofnun vegna fæðingarorlofssjóðs. Við höfum allt árið haldið málinu í vakandi. Velferðaráðuneytið frestaði nú nýverið fundi með S78 og Vinnumálastofnun að beiðni síðast nefndra þar sem stofnunin vinnur tillögur að eyðublöðum sem verði aðgengileg á vefsvæði Fæðingarorlofssjóðs fyrir foreldra af sama kyni. Nýr fundur verður boðaður á næstunni.

Í 65. grein Stjórnarskrá íslenska lýðveldisins stendur að allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Þó er það svo að í reglum Blóðbankans um blóðgjafir kemur fram í 2. tl. að karlmanni sé óheimilt að gefa blóð ef hann hefur haft samfarir við sama kyn. Samkvæmt yfirlækni Blóðbankans er umrædd regla réttlætt með vísan til alþjóðlegrar samræmingar á umræddu sviði þar sem samkynhneigðum karlmönnum er bannað að gefa blóð. Staðfestir yfirlæknir í sama viðtali að engar tölur séu til yfir hugsanlega smitnæma hjá umræddum hóp á Íslandi.

Úlfar Logason, ungur samkynhneigðs menntaskólanema, hefur nú lagt fram stjórnsýslukæru vegna ólögðra reglna um blóðgjafir og Stjórn S78 hefur bæði sýnt honum stuðning í fjölmiðlum og sent honum skriflega stuðningsyfirlýsingu.

## STARFSHÓPAR

Samkvæmt félagslögum er hverjum félagi frjálst að stofna hópa um hugðarefni sín brjóti tilgangur þeirra ekki í bága við markmið félagsins. Á hverju ári starfa hópar félaga um ýmis málefni. Það er eitt af hlutverkum S78 að leggja slíku hópastarfi lið og gildir þá einu hvort um er að ræða algjörlega sjálfstæða hópa með eigin stjórn, eða þá sem beinlínis starfa innan vébanda félagsins. Njóta þeir sem það kjósa fyrirgreiðslu varðandi aðstöðu í félagsmiðtöð og kynningar á heimasíðu, í fréttabréfi og á póstlista. Margt af þessari starfssemi blómstrar og eflist jafnt og þétt, en í öðrum tilvikum er áhuginn minni enda stendur starfsemin og fellur með framtaki sjálfböðaliða. Hér verða taldir þeir hópar sem vitað er til að hafa starfað sl. ár.

### Ungliðar S78

Hópurinn hittist hvert sunnudagskvöld í félagsheimilinu að Laugavegi 3. Aðsóknin var vaxandi allt árið og var fjölbreytt starf í gangi. Að jafnaði mættu 25 – 30 ungmenni á aldrinum 15 – 20 ára. Aukinn sýnileiki ungs samkynhneigðs fólks, svo sem í tenglum við Hinsegin daga, og vegna aukinna vinsælda skólafunda, hefur á undanförunum árum fest ungliðahópurinn í sessi sem eina af félagsmiðstöðvum borgarinnar. Haukur Árni Hjartarson fræðslufulltrúi S78 fer með umsjón hópsins ásamt stjórn ungliða sem skipuð er krökkum úr hópnum sjálfum. Af starfinu má nefna námskeið í framkomu og framsögn, kynfræðslukvöld, foreldrakvöld, bío- og keiluferðir, skemmtikvöld og þátttaka í ungmennaráðstefnum.

### AA-deild

AA-deild samkynhneigðra og tvíkynhneigðra kom saman í Regnbogasal hvert þriðjudagskvöld frá 1987, - 2009. Deildin á sér lengra og samfelldara líf en nokkur annar hópur á vettvangi Samtakanna. Starfið er í dag að öllu leyti óháð starfi Samtakanna '78. AA-deild samkynhneigðra hittist hvern sunnudags kl. 13.00. í Gula húsinu í Tjarnargötu 20.

Vonandi liggur leiðin aftur í Regnbogasalinn á þriðjudögum í nánustu framtíð.

### Norðurlandshópur - S'78 N

S'78 N er hópur samkynhneigðra og tvíkynhneigðra einstaklinga á Akureyri og nágrenni. Markmið hópsins er að gefa samkynhneigðum og tvíkynhneigðum á Norðurlandi tækifæri til að hittast og auka samheldni þeirra og vera sýnilegt afl á félagssvæðinu og í forsvari þegar málefni samkynhneigðra og tvíkynhneigðra ber á góma.

### HILDI

HILDI eru sjálfstæður félagsskapur með það að markmiði að standa vörð um réttindi og baráttumál samkynhneigðra heyrnarskertra og skapa góðan vettvang fyrir félagslíf. HILDI hópurinn hittist reglulega í heimahúsum og skipuleggur 1-2 ferðir á ári.

### Lez Jungle samfélagið

Sumarið 2008 stofnuðu nokkrar stelpur knattspyrnuhóp undir merkjum Lez Jungle. Allar stelpur eru velkomnar án tillits til getu. Þær standa einnig reglulega fyrir skemmtilegum uppákomum m.a. á Trúnó. Lez Jungle samfélagið má finna á slóðinni [www.lez-jungle.com](http://www.lez-jungle.com) og einnig hér [www.facebook.com/lezjungle](http://www.facebook.com/lezjungle).

### Bleiki hnefinn

Bleiki hnefinn - aðgerðahópur róttækra kynvillinga er sjálfstætt starfandi hópur að öllu leyti óháður Samtökunum 78. Hópurinn kom fram á sjónarsviðið í undanfara kosninga til stjórnlagabings með áskorun vegna sinnuleysis hinsegin fólks og þá sérstaklega S78. Það er gaman að geta þess að tilheyrendur hópsins eru margir virkir á vettvangi Samtakanna. Aðgerðir hópsins í nafni talskonunnar Sonju hafa að mestu falist í því að halda úti hressandi og oft á tíðum mjög fræðandi orðræðum á fésbók allra landsmanna. Það fylgja Bleika hnefanum ferskir vindar.



## HAGSMUNAFÉLÖG

Félög tengd hagsmunum Samtakanna '78 geta óskað eftir því að tengjast félaginu. Hagsmunafélag hefur eigin kennitölu, sjálfstæðan fjárhag og kemur fram opinberlega í eigin nafni en ekki nafni Samtakanna '78. Samkvæmt félagslögum leggur stjórn samtakanna skriflega umsókn viðkomandi félags fyrir aðalfund. Ekkert félag hefur formlega sótt um hagsmunaaðild enda er þetta nýtt í lögum og hefur ekki verið kynnt til hlýtar. Þarna er þó komin vísir að nýjum farvegi fyrir samvinnu og samráð hinsegin folks með ólíkar áherslur. Hér á eftir eru talin þau hinsegin félög sem starfa í íslensku samfélagi.

### Samkynhneigðir foreldrar

Tilgangur félags samkynhneigðra foreldra er að leggja grunn að skemmtilegu félagsstarfi þar sem sam- og tvíkynhneigðir foreldrar og börn þeirra geta átt góðar og uppbyggilegar stundir, fengið stuðning hvort frá öðru. Félagið stendur fyrir talsverðum fjölda atburða og er félagslífið litríkt. „Þau hittast síðasta sunnudag í hverjum mánuði á kaffihúsinu Trúnó með börnin. Foreldrafélag Samkynhneigðra Foreldra stendur einnig fyrir öðrum uppákomum allt árið um kring og ber þar hæst að nefna sveitaferðir, jólaböll og er þá fátt upptalið af viðburðadagatalinu. Til stendur einnig að setja á laggirnar fræðslukvöld fyrir samkynhneigðra foreldra og einnig er í bígerð stofnun unglingsstarfs innan félagsins.



### Trans Ísland



Félagið Trans-Ísland var formlega stofnað þann 15. febrúar 2007. Félagið er ætlað fólki sem er í óhefðbundinni stöðu með kyn sitt. Það óhefðbundna getur falist í kynáttun, kynhneigð, litningum, hormónajafnvægi, kynhlutverki, félagslegu kyni, skurðaðgerðum er varða kynið, og öðru því er varðar kyn á einhvern hátt. Hópurinn, sem starfar undir regnhlíf S78, hittist fyrsta mið-vikudag í mánuði í Regnbogasalnum auk þess sem haldin voru tvö skemmtikvöld. Hópurinn vinnur að söfnun bóka um málefni transgender fólks og er ætlunin að gefa þær bókasafni S78 til varðveislu og útlána. Félagið gefur reglulega út rafrænt fréttabréf á slóðinni <http://groups.google.com/group/trans-is-frettabref>.

### FAS - Félag foreldra og aðstandenda

Samtökin '78 hafa um langt skeið átt farsælt samstarf við FAS meðal annars í gegnum fræðsluverkefni sem Menntasvið Reykjavíkurborgar hefur komið að og Þróunarsjóður Menntasvið hefur styrkt myndarlega. Þá eru fundir FAS haldnir í félagsmiðstöð Samtakanna '78 og verður svo áfram.

### Hinsegin dagar í Reykjavík - Gay Pride,

Markmið Hinsegin daga er að halda árlega hinsegin hátíð í Reykjavík, og að stuðla með starfsemi sinni að vexti og viðgangi hinsegin menningar og félagslífs í íslensku samfélagi. Hinsegin dagar eru í tengslum við erlendar hreyfingar Gay Pride hátíða og taka þátt í skipulögðu samstarfi við þær. Félagar geta allir þeir gerst sem vilja styðja markmið félagsins og vinna að markmiðum þess. Bæði einstaklingar og félagsamtök geta gerst félagar.



## KMK – Konur með konum



KMK, skemmtifélag er félagsskapur samkynhneigðra og tvíkynhneigðra kvenna. Markmið félagsins er að bjóða upp á fjölbreytta skemmtidagskrá sem höfðar til kvenna á öllum aldri og eru um 300 konur á póstlista félagsins. Af viðburðum starfsársins má nefna hina árlegu Góugleði, sumarútilegu, Jólabókakvöld og fl. Í fjölda ára hefur blaklið æft og keppt í nafni KMK, Róðraliðið Gasellurnar kepptu á sjómannadaginn sl. eftir margra ára hlé. KMK heldur árlega Golfmót og reglulega yfir árið kvennakvöld í Regnbogasalnum..

## Íþróttafélagið STYRMIR

Félagið hefur frá stofnun, árið 2006, haft það að markmiði að bjóða á íþróttir þar sem að þátttaka er sett ofar sigri og engum er meinaður aðgangur að æfingum. Auk þess setja félagar sér það markmið að vera fyrirmyndir frekar en staðalímyndir og telja að með sýnilleika þjóni þeir mikilvægu forvarnarstarfi.

Styrmir hefur náð góðum árangri á ýmsum hinsegin íþróttamótum, meðal annars á Outgames 2009 í Kaupmannahöfn og Gay Games 2010 í Köln. Á árinu 2011 er meðal annars stefnt að því að senda keppendur á fótboltamót í Manchester, á Eurogames í Rotterdam og á alþjóðlegt sundmót IGLA í Hawaii. Styrmir hefur haldið æfingabúðir og mót fyrir erlend lið, við góðan orðstír og árið 2012 mun Styrmir halda sundmót IGLA í Reykjavík þar sem að gert er ráð fyrir rúmlega 800 keppendum. Fleiri stór mót með erlendum keppendum og æfingabúðir eru hugsanlega á döfinni.

Styrmisfólk heldur nú reglulegar æfingar í fótbolta, blaki, sundi og skotfimi en nánari upplýsingar um stað- og tímasetningar æfinga má finna á Facebook og heimasíðu félagsins [www.ststyrmir.is](http://www.ststyrmir.is). Íþróttafélagið Styrmir er aðili að Íþróttabandalagi Reykjavíkur og þar með aðildarfélag að ÍSÍ og er sívaxandi samstarf milli Styrmis og Íþróttahreyfingarinnar á Íslandi.



## MSC Ísland



MSC Ísland var stofnað árið 1985 og hafði þar erlenda vélhjólaklúbba að fyrirmynd. Félagið er skemmtifélag karlmannna og starfar óháð Samtökunum 78. MSC rekur eigin klúbb við Laugarveg og er aðsókn þar mjög góð. Starfsemi MSC er öflug og skipar félagsheimili félagsins mikilvægan sess í skemmtanalífi fjölmargra hinsegin stráka.

## DOB Iceland

Dykes on Bikes® Iceland er klúbbur lesbískra kvenna með próf á stór mótörhjól. Frá upphafi hafa lesbíur á mótörhjólum leitt gleðigönguna niður Laugavegin á Hinsegin dögum eins og tíðkast með Gay Pride göngur um allan heim. Það var þó ekki fyrr en í ágúst 2009 sem þær loksins stofnuðu með sér klúbb og sóttu um inngöngu í alþjóðlegu mótörhjólasmötökin Dykes on Bikes®. Alþjóðleg skilyrði fyrir inngöngu eru þau að viðkomandi sé með próf á stórt mótörhjól og sé yfirlýst lesbía s.s Dyke on Bike!



## Q – félag hinsegin stúdenta



Á seinasta starfsári flutti Q mikinn hluta starfsemi sinnar til Samtakanna '78, eftir árangurslausar viðræður við Háskóla Íslands um að fá aðstöðu þar. Samtökin buðu Q velkomin og gáfu félaginu aðstöðu í fundarherbergi Samtakanna fyrir vikulega stjórnarfund. Einnig fékk Q geymslu aðstöðu hjá Samtökunum til að geyma gamlar skýrslur og önnur verðmæti í eign félagsins sem höfðu verið á vergangi í yfir eitt ár.

Á liðnu starfsári framkvæmdi stjórn Q ýmis verkefni. Í apríl skipulagði og framkvæmdi félagið fyrir ráðstefnu sem bar titilinn



„Hinsegin helgi“ og var verkefnið styrkt fjárhagslega af Evrópu unga fólksins. Markmið verkefnisins var að búa til öruggt fræðslu umhverfi fyrir hinsegin ungmenni. Sautján ungmennum var boðið að taka þátt og hlutu þau fræðslu, sjálfsstyrkingu og tóku þátt í ýmsum smiðjum yfir helgina. Í ágúst tók Q þátt í gleðigöngunni undir yfirskriftinni „Við erum allstaðar“ og klæddust þátttakendur í búninga ýmissa starfsstétta til að minna gesti hátíðarinnar á fjölbreytileika innan vinnustaða landsins.

Fulltrúi frá Q tók þátt í skipulagningu „Jafnréttisdaga innan Háskóla Íslands“ í september. Q styrkti jafnréttisdaga fjárhagslega og stóð fyrir opunaratriðinu sem bar titilinn „Tár, bros og testósterón“ og var Páll Óskar Hjálmtýsson einn af frummælendum við það erindi. Q stóð einnig fyrir tveimur kvikmyndasýningum í Háskóla Íslands með hinsegin þema, og í október skipulagði Q einnig fyrirlestur á Alþjóðlegum minningardegi transfólks. Þar mættu Ugly Stefanía Jónsdóttir og fræddi háskólanema og kennara um reynslu sína sem transmanneskja.

Q stóð fyrir vikulegum félagskvöldum í Samtökunum '78, alla föstudaga, líkt og árið þar á undan og var mæting mjög góð

## Hinsegin bíó dagar

Hinsegin bíó dagar skipa mikilvægan sess í menningarlífi hinsegin fólks og á þeim gefst fólki tækifæri til að sjá kvikmyndir sem annars myndu ekki rata í kvikmyndahús borgarinnar. Hinsegin bíó dagar hafa verið haldnir þrisvar í Reykjavík og síðast í samstarfi við RIFF, Reykjavík Interntaional Film Festival.



F.h. stjórnar Samtakanna "'78

Svanfríður A. Lárusdóttir  
formaður

Árni Grétar Jóhannsson  
framkvæmdastjóri

Eftirtaldir lögðu til efni í skýrslu; Árni Grétar Jóhannsson, Dagur Eiríksson, Frosti Jónsson, Guðmundur Helgason, Guðrún Óskarsdóttir, Haukur Árni Hjartarson, Jón Kjartan Ágústson, Katrín Dögg Valsdóttir, Sigríður Birna Valsdóttir, Svanfríður A. Lárusdóttir og Þorvaldur Kristinsson.